Kennari: Margrét Adolfsdóttir
margreta@mr.is



Sálfræði (SÁLF2AA05)

Þessum áfanga er ætlað að kynna nemendum fræðigreinina sálfræði, eðli hennar, þróun og sögu. Farið verður stuttlega yfir sögulegan bakgrunn sálfræðinnar sem fræðigreinar, helstu sálfræðistefnur, kenningasmiði og frumkvöðla sálfræðinnar og grunnhugtök sálfræðinnar. Skoðaðar verða nokkrar af helstu rannsóknum félagssálfræðinnar og kenningar lífeðlislegu sálfræðinnar um helstu geðraskanir, kenningar um nám, minni og þroska og nútímasjónarmið í sálfræði. Nemendur kynna sér jákvæða sálfræði og efni tengt því eins og núvitundaræfingar, hugleiðslu og fleira. Einnig verður skoðað efni frá Alþjóðheilbrigðisstofnunni (WHO) um leiðir til að takast á við streitu og fleira. Nemendur kynnast núvitund og annað efni sem til fellur.

Lesefni

Rafrænt efni frá kennara og önnur gögn eins og netmiðlar, myndir og fleira.

Námsmat

Símat sem byggir m.a. á hlutaprófi, fyrirlestri, tímaverkefnum og þátttöku og mæting nemenda í tímum en ætlast er til að nemendur séu virkir í tímum til dæmis í umræðum, hópavinnu, tíma-verkefnum og öðru og því skiptir máli að koma vel undirbúin og lesin í tíma.

40% Fyrirlestur og hugleiðing, spurningar um fyrirlestra annarra.

Ástundun 60%: Mæting, þátttaka í tímum, skil á verkefnum í INNU, tímaverkefni, samantekt á efni sem hefur verið farið í, lespunktar og fleira. Mestöll verkefnavinna fer fram í tímum.
Verkefni eru margskonar, spurningar úr efninu, leshugleiðinar, umræðuhópar, tímaverkefni, örfyrirlestrar, núvitundarástundun og margt fleira allt eftir viðfangsefni hverju sinni.
Það er í lagi þótt það vanti 1-2 verkefni á önn vegna veikinda eða annarra álíkra forfalla. Verkefnin eru innan ákveðins tímaramma og lögð fyrir í tímum og ekki hægt að skila þeim síðar nema að

nemendur séu að klára verkefni sem þeir byrjuðu á.

Það skiptir miklu máli að nemendur séu virkir og taki virkan þátt í tímum og verkefnavinnu.

Helstu markmið áfanga

- Þróun fræðigreinarinnar sálfræði
- Grundvallarhugmyndir sem móta kenningar sálfræðinnar
- Helstu frumkvöðlar sálfræðinnar
- Umfang sálfræðinnar og helstu undirgreinar
- Hagnýtt gildi sálfræði
- Hvernig sálfræðin útskýrir hugsun, hegðun og tilfinningar manneskjunnar
- Nemendur kynni sér viðfangsefni sálfræðinnar sem þeir hafa áhuga á að skoða betur og geti tjáð kunnátu sína bæði munnlega og skriflega
- Nemendur kynnist jákvæðri sálfræði
- Nemendur kynni sér núvitund og hugleiðslu og æfingar tengdar því

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.